Reykjavík, 09.12.2019
/es

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Efni: Afturköllun kæru vegna matsskyldu Bláfjallavegar

Með erindi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 31. maí 2019, kærðu Veitur ohf. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 26. apríl 2019 um að fyrirhugaðar framkvæmdir við skíðasvæðið í Bláfjöllum skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Kæran byggði fyrst og fremst á því að þær framkvæmdir sem að mati kærenda myndu valda hvað mestri hættu á mengun vatnsbóla væru fyrirhugaðar áður en grunnvatnsrannsóknir sem og mótvægisaðgerðir væru fyrirhugaðar. Það töldu Veitur ohf. með öllu óásættanlegt og kröfðust þess því að ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin teldist ekki matsskyld yrði felld úr gildi og ákveðið að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum

Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá kæru hafa Veitur ohf. átt í miklum samskiptum og samráði við Vegagerðina og fleiri aðila sem standa að fyrirhuguðum framkvæmdum. Komist hefur verið að samkomulagi um ýmsar mótvægisaðgerðir sem Veitur ohf. telja nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Þannig hyggst Vegagerðin ráðast í eftirfarandi framkvæmdir, sbr. tölvubréf Vegagerðarinnar til Veitna ohf. þann 2. desember sl.:

- Lækka leyfilegan hámarkshraða á Bláfjallavegi (417) og Bláfjallaleið (407) að skíðasvæði í 70 km/klst. Verður þetta gert núna í desember 2019.
- Loka Bláfjallavegi (417) frá Bláfjallaleið(407) að hellinum Leiðarenda í Hafnarfirði. Gert í samráði við sveitarfélögin Hafnarfjörð og Kópavog. Þetta verður jafnframt gert núna í desember.
- Lagfæra hliðarsvæði vegarins til að minnka líkur á bílveltum og öðrum umferðaróhöppum sem haft gætu í för með sér mengun á grunnvatni. Vegagerðin mun leitast við að verða við þeim viðbótarframkvæmdum sem Veitur hafa óskað eftir, eftir því sem fjármagn dugar til. Haft verður samráð við Veitur og heilbrigðiseftirlit höfuðborgarsvæðisins við val á efni í vegfláa. Í fyrirliggjandi drögum að samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir 50 m.kr. í þetta verkefni á árinu 2020. Reiknað er með að það fari langt með að duga til lagfæringa á vegsvæði en ef þörf verður á mun Vegagerðin leita leiða til að tryggja fjármagn til að ljúka framkvæmdum á sem stystum tíma. Hafa verður þann fyrirvara á að samgönguáætlun hefur ekki verið samþykkt á Alþingi.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig samþykkt á fundi sínum þann 2. desember sl. að árið 2020 verði settur upp síriti í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins BF-03 og hafinn undirbúningur vegna borunarframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum. Einnig að árið 2021 verði í boraðar fjórar nýjar rannsóknarholur og settir upp síritar í þær holur og snjóframleiðsluholu í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennslislíkans á höfuðborgarsvæðinu.

Skjal sótt af '000000000' dags: 13.11 2026

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • kt. 501213-1870 • veitur.is

Vegna framangreindra mótvægisaðgerða telja Veitur ekki lengur vera grundvöll fyrir þeim kröfum sem gerðar eru í kærunni frá 31. maí sl. og draga kæruna því hér með formlega til baka.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir
lögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026